

Ágætu félagar.

Nú að lokinni sýningunni „Bjálka“ sem haldin var í Perlunni í maí s.l. viljum við nota tækifærið og þakka öllum sem lánuðu verk sín á sýninguna, án þeirra hefði sýningin ekki orðið eins fjölbreytt. Einnig viljum við þakka þeim sem gáfu hluti á hlutaveltuna sem gerði okkur kleift að standa straum af kostnaði sem af hlaust. Sýningin þykir hafa tekist mjög vel og þótti falleg. Nálega 3000 skrifuðu nafn sitt í gestabókina en mjög margir skrifuðu ekki.



Saumastofan vakti mikla athygli og skal þess getið að félagi okkar Pétur Guðmundsson saumaði heilt teppi meðan sýningin stóð. Var það teppið sem er á auglýsingunni.

Nú er Pétur að sauma teppið sem afhent verður fyrir leiguna á húsnæðinu. Teppið sem hann er að sauma er eins og eitt verkið sem vakti mikla athygli á sýningunni, er kallað Bjarnarkló, sjá mynd hér til hliðar.

Hann vantar nokkrar ræmur í það. Ef einhverjir vilja semda/koma til Péturseinni til átta ræmum af stærðinni 1½“ X 10½“ úr ljósu og/eða dökku efni, ætti hann að vera fljótur að fá efni í teppið.

Sendist til Péturs Guðmundssonar, Rekagrandi 8, 107 Reykjavík.

Eins og undanfarin ár sendum við verk á samsýningu Evrópu bútasamsamtakann sem haldin er í Birmingham ár hvert.

Þemað í ár er „ástríða í tónlist“. Okkur var úthlutað að hafa verkið með rauðum ferning, 1cm². Þáttökublað fylgdi síðasta fréttabréfi. Endilega sendið línu fyrir 1. júlí þau sem ætla að taka þátt í þessu skemmtilega verkefni.

Vinsamlega leyfið félaginu að vita af og auglýsa sýningar sem kunna að vera haldnar vítt og breytt um landið.

Virðingarfyllst

Stjórn Íslenska bútasamsfélgasins